

# GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Sveitarféluginu Stykkishólmi.

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólms innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 1477/2020 um fráveitur í Sveitarféluginu Stykkishólmi.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir hvern heimæðarstút sem 6" eða minni kr. 150.000

Fyrir hvern heimæðarstút sem er stærri en 6" kr. 250.000

Í þeim tilvikum þar sem lengd heimæðar frá stofnæð að lóðarmörkum fer yfir 10 metra skal innheimta raunkostnað hverju sinni. Óski húseigandi eftir færslu fráveituheimæðar að nýjum tengipunkti greiðir hann útlagðan kostnað vegna færslunnar.

Ef um tvöfalt frárennsliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,17% af álagningarástofni íbúðarhúsnæðis og 0,20% af álagningastofni atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

Stærð í lítrum	kr.
0-2.000	10.066
2.001-4.000	12.631
4.001-6.000	14.377
6.001-8.000	17.770
8.001-10.000	23.495

Rotþró stærri 10.000 6.714 pr. Umfram rúmmetra

Verða miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 4.005

Fyrir rotþrær stærri en 10.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 9.640 á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 93.160 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 640 fyrir hvern ekinn km. eða samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms 12. desember 2024 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gjaldskrá nr. 1483/2023 fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Stykkishólmur 18. desember 2024.

Jakob Björgvin Sigurðarson Jakobsson,  
bæjarstjóri